

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 132/2006
um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Veiðileyfi hvers báts skal gefið út til 50 samfelldra daga innan veiðitímabilsins 10. mars - 20. júlí, sbr. þó ákvæði 2. málslíðar. Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar í Lambanes vestan Vatnsfjarðar er veiðitímabil frá og með 20. maí til og með 9. ágúst og er óheimilt að stunda grásleppuveiðar á því svæði utan þess tímabils.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. maí 2006.

Einar K. Guðfinnsson.

Árni Múli Jónasson.